

Algebra (STÆ102)

Grunnatriði talnameðferðar og algebru eru meginviðfangsefni í áfanganum. Áhersla lögð á að læra ákveðin grunnatriði stærðfræðinnar til hlítar. Nemendur tileinki sér fjölbreytt viðnubrögð við lausn stærðfræðilegra verkefna, nái tökum á jöfnum af fyrsta stigi, þáttun og hlutfallshugtakinu ásamt fleiru.

Nemandi skal hafa aflað sér almennrar þekkingar og skilnings á:

- Grunnatriðum táknafræðinnar
- Heilum tölum
- Röð reikniaðgerða
- Almennum brotum
- Grunnatriðum algebru
- Einföldum fyrsta stigs jöfnum

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- Lesa þann hluta táknafræðinnar sem tengjast efni þessa áfanga
- Meðhöndla heilar tölur, jákvæðar og neikvæðar, leggja saman, draga frá, margfalda og deila
- Meðhöndla almenn brot, jákvæð og neikvæð
- Einfalda algebrustærðir
- Liða einfaldar þáttastærðir
- Þátta einfaldar liðastærðir
- Leysa einfaldar fyrsta stigs jöfnur með einni óþekktri stærð

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Lesa einfaldan stærðfræðitexta
- Sýna útreikninga og skrá lausnir skilmerkilega
- Geta unnið eftir fyrirmælum
- Látið skýringar fylgja með útreikningum
- Vanda alla framsetningu og sér í lagið að gæta að réttri notkun stærðfræðitákna

Námsmat

Lögð er áhersla á fjölbreytt námsmat og sjálfstæð vinnubrögð. Vinna nemenda í kennslustundum er metin, lögð eru fyrir hlutapróf og verkefni. Lokapróf er í áfanganum.